

## Aðalfundur Íslandsbanka - 28. apríl 2010

### Birna Einarsdóttir, bankastjóri

#### **Ágætu aðalfundargestir.**

Árið 2009 var ár mikilla umbreytinga hjá Íslandsbanka rétt eins og annarstaðar í þjóðfélaginu. Á liðnu starfsári voru gerðar ýmsar breytingar á starfsemi bankans sem miðuðu að því að styrkja rekstrargrundvöll hans til framtíðar, efla innra regluverk og gera honum kleift að þjóna öllum hópum viðskiptavina með skilvirkum hætti.

Það verkefni sem starfsmenn og stjórnendur stóðu frammi fyrir í upphafi ársins var risavaxið og þó svo að fjölmörgum verkefnum sé enn ólokið er það skoðun mín að starfsmenn bankans hafi lyft grettistaki á liðnu ári. Það er einnig skoðun mín að sú mikla vinna sé lykillinn að þeim góða árangri sem ársuppgjör bankans er vitnisburður um.

#### **Grunnur nýja bankans styrktur – stefnan sett**

Í janúar 2009 reið Íslandsbanki á vaðið og stóð fyrir svokölluðum Stefnumundi og var þátttaka starfsmanna bæði virk og góð þar sem um 600 þeirra mættu til fundarins í frítíma sínum, laugardaginn 16. janúar. Öll undirbúningsvinna og úrvinnsla var í höndum innanbúðarfólks sem skilaði frábæru starfi.

Ég tel að Stefnumundur Íslandsbanka hafi verið mikilvægur skurðarpunktur í uppbyggingarferli bankans. Á honum sýndu starfsmenn einstaka samstöðu og unnu af heilindum og áhuga að því að leggja línurnar fyrir fyrsta starfsár bankans.

Fundurinn varð öðrum fyrirtækjum og samtökum innblástur að sambærilegum fundum og nefni ég í því sambandi þjóðfundinn sem haldinn var í Laugardalshöll í nóvember 2009.

Afrakstur Stefnumundarins voru fjórar lykiláherslur í stefnu og starfsemi bankans: *Styrkar stoðir, Framúrskarandi þjónusta, Besta liðsheildin og Hagkvæmur rekstur.*

Þar kemur til dæmis fram sú áhersla að regluverk Íslandsbanka verði gagnsætt og eins og best gerist í alþjóðlegri fjármálastarfsemi. Bankinn byggir upp traust með framúrskarandi þjónustu og ráðgjöf. Samskipti starfsmanna Íslandsbanka séu jákvæð, hispurslaus og hreinskiptin og starfsmenn hafi sterka kostnaðarvitund.

Meginskilaboð starfsmanna frá fundinum til stjórnar og stjórnenda bankans voru þau að Íslandsbanki yrði fyrstur viðskiptabankanna þriggja til að „komast á lappirnar“ – eins og við kölluðum það. Við það var staðið.

Á fundinum tóku starfsmenn einnig þátt í að velja bankanum ný gildi og fyrir valinu urðu eftirfarandi: Fagleg, jákvæð og framsýn. Í kjölfar fundarins var unnið að innleiðingu gildanna. Í október 2009 var gerð könnun meðal starfsmanna þar sem í ljós kom að 91% þeirra þekktu gildi bankans og svipaður fjöldi taldi þau eiga vel við störf sín í bankanum.

Annað sem markaði þáttaskil á fyrri hluta ársins 2009 var vel heppnuð nafnabreyting bankans þann 20. febrúar en þá tók hinn nýi banki aftur upp hið gamalgróna nafn *Íslandsbanki*. Ljóst var að Glitnis nafnið var orðið svo laskað að nauðsynlegt reyndist að skipta um nafn. Þá þótti óheppilegt að bankinn bæri sama nafn og þrotabú gamla bankans.

Meðal þess sem leiddi til þeirrar ákvörðunar að taka á ný upp nafnið Íslandsbanki voru tillögur fjölmargra viðskiptavina bankans.

Íslandsbanki er verðmætt og þekkt vörumerki. Nafnið er rótgróið og hefur mikla skírskotun í þá nýju stefnu bankans að horfa fyrst og fremst á sitt næsta umhverfi og þjónusta íslensk fyrirtæki og fjölskyldur.

Nafnabreytingin gekk í alla staði vel og lagði bankinn áherslu á að framkvæmdin yrði lágstemmd og kostnaði haldið í lágmarki.

Allt þetta góða starf sem ég hef hér nefnt þakka ég starfsfólki bankans sem samhent tókst á við þær áskoranir sem það stóð frammi fyrir. Ég er afar stolt að nefna það að starfsánægja í bankanum mældist í sögulegu hámarki á árinu.

### ***Aðgerðir og úrræði fyrir viðskiptavinum***

Sú áhersla sem starfsfólk og stjórnendur Íslandsbanka lögðu í upphafi um að bankinn yrði fyrstur á lappirnar endurspeglast vel í því frumkvæði sem bankinn tók á ýmsum sviðum.

Íslandsbanki reið á vaðið í byrjun janúar með vaxtalækkunum og lækkaði vexti samtals 10 sinnum á árinu 2009. Sem dæmi má nefna þá lækkuðu kjörvextir óvertryggðra skuldabréfa úr tæpum 22% í 9% árinu.

Bankinn felldi niður uppgreiðslugjald verðtryggðra húsnæðislána í febrúar. Þá lögðum ríka áherslu á að koma til móts við þá viðskiptavinum sem voru í skuldavandræðum með ýmsum úrlausnum.

Í mars 2009 kynnti bankinn til sögunar svokallaða greiðslujöfnun erlendra húsnæðislána. Í september hóf bankinn að bjóða viðskiptavinum uppá höfuðstólslækkun erlendra og verðtryggðra húsnæðislána. Alls hafa um 1200 viðskiptavinir nýtt sér þær lausnir.

Í október hóf Íslandsbanki Fjármögnun að bjóða höfuðstólslækkun vegna bílalána og hafa í dag um 3000 viðskiptavinir að nýtt sér þá lausn.

Loks má geta þess að bankinn tilkynnti í lok árs 2009 að hann hygðist bjóða fyrirtækjum með lán í erlendri mynt og tekjur í íslenskum krónum höfuðstólslækkun gegn ákveðnum skilyrðum. Það er ánægjulegt að segja frá því að í dag tilkynntum við að viðskiptavinir okkar geta frá og með morgundeginum sótt um slíka úrlausn.

Auk þess má nefna að bankinn hefur unnið þétt með stjórnvöldum og samtökum fjármála-fyrirtækja að samræmdum lausnum varðandi skuldaaðlögun fyrirtækja þeirra fyrirtækja og einstaklinga sem eru hvað erfiðastri skuldastöðu.

En hver staðan fyrirtækja og heimila í viðskiptum við Íslandsbanka?

Ef litið er á stöðu lána til fyrirtækja þá flokkar bankinn þau í fjóra flokka í samræmi við upplýsingagjöf okkar um þennan málaflokk til Fjármálaeftirlitsins.

1. Lán til fyrirtækja sem eru í fullum skilum – um 46% lána eru í þessum flokki.
2. Lán til fyrirtækja á svokölluðu athugunarlista – um 9% lána eru í þessum flokki.
3. Lán til fyrirtækja sem eru í fjárhagslegri endurskipulagningu – nema um 41% lánasafnsins bankans
4. Lán til fyrirtækja sem eru í lögfræði innheimtu – en samtals um 4% lána eru í þessum flokki.

Eins sjá má á skífuritum neðst á glærunni má sjá að 82% sjávarútvegsfyrirtækja teljast flest vera í flokki 1 – það er með lán í fullum skilum. En verst er staðan hjá fjárfestingafélögum þar sem um 77% lána eru í endurskipulagningarfasa en rétt er að nefna það þó að undirliggjandi rekstrarfélög þessara fjárfestingafélaga eru oft á tíðum í ágætis rekstri.

Ef litið er á lán til heimila og einstaklinga þá lítur dæmi svona út.

- Um 85% af lánasafninu í fullum skilum.
- Um 6% lánasafnsins eru í vanskilum
- Um 8% lánasafnsins eru í lögfræði innheimtu eða þrotameðferð.

Þær lausnir sem nefndar voru hér að framan eru flóknar í framkvæmd og kalla á töluverðar kerfislegar breytingar.

Mikill fjöldi sérfræðinga á ýmsum sviðum bankans hefur lagt á sig mikla vinnu við að koma þessum heim og saman – fyrir það vil ég þakka.

Loks vil ég nefna að stjórn Íslandsbanka samþykkti á fundi sínum fyrr í dag að bankinn mun vinna að samkomulagi við stjórnvöld til þess að koma enn frekar til móts við þá einstaklinga sem tóku bílalan í erlendri mynt. Nýlega skýrsla Seðlabanka Íslands sýnir að þar er vandinn hvað stærstur. Nýlega skýrsla Seðlabanka Íslands sýnir að þar er vandinn hvað stærstur. Í mörgum tilfellum mun slíkt samkomulag hafa í för með sér frekari lækkun á höfuðstól þeirra bílálana sem hafa hækkað hvað mest.

### **Afkoma á árinu**

Nú mun ég víkja máli mínu að ársreikningi fyrir árið 2009.

Ársreikningur Íslandsbanka hf. fyrir árið 2009 er hér með lagður fram til samþykktar.

Þrátt fyrir óvissu í rekstrar- og efnahagsumhverfi gekk rekstur Íslandsbanka samkvæmt þeim áætlunum sem framkvæmdastjórn og stjórn höfðu sett sér. Það er ljóst að óvenjulegir rekstrarliðir sem tengjast yfirtekna lánasafninu setja mark sitt á reksturinn og munu gera það áfram næstu þrjú árin.

Árið 2009 var fyrsta heila rekstrarár bankans og eru rekstrarniðurstöður ársins á undan því ekki samanburðarhæfar þar sem þær tóku einungis til tveggja og hálfmánaða tímabils.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum samþykktum af Evrópusambandinu.

Hann er áritaður af stjórn og bankastjóra og jafnframt áritaður án fyrirvara af hálfu endurskoðenda bankans.

### Rekstrarreikningur

Afkoma Íslandsbanka á árinu 2009 var jákvæð um 23,9 ma. kr og er tekjuskattur áætlaður 4,7 ma. kr. Arðsemi eiginfjár var 30%.

- Hreinar vaxtatekjur námu 32 ma. kr. og var vaxtamunur á árinu um 4,7%. Þetta er hærri vaxtamunur en bankinn getur reiknað með að verði til framtíðar og skýrist hann í meginatriðum af innlausn affalla af keyptu lánasafni.
- Hreinar þóknatekjur námu 7,1 ma. Þar af er um 53% frá Viðskiptabankasviði, um 21% frá Eignastýringu og um 20% frá Markaðsviðskiptum.
- Hreinar fjármunatekjur námu alls 11,1 ma. kr. Þær eru að mestu leyti tilkomnar vegna gengishagnaðar á fyrri hluta ársins af lánum í erlendri mynt sem síðan er að stærstum hluta gjaldfærður sem virðisrýrnun vegna skertrar greiðslugetu lántaka með tekjur í íslenskum krónum en lán í erlendum myntum.
- Nettó tekjufærsla vegna breytinga á virði keypts lánasafns er tæpir 2 milljarðar. Hún samanstendur af gengishagnaði (9.3 ma. kr.), tekjufærðu endurmati á virði keyptrá lána (18.4 ma. kr.) og gjaldfærðri virðisrýrnun útlána og krafna (26.3 ma. kr.).
- Heildarrekstrarkostnaður bankans nam 16 ma. kr. Þar af nam gjaldfært iðgjald í Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta 672 milljónir.

### Efnahagsreikningur

- Heildarstærð efnahagsreiknings þann 31.12.09 var 717 ma. kr. og hækkaði um 59 ma. kr. á milli ára.
- Heildarútlán til viðskiptavina og fjármálafyrirtækja námu um 577 ma. kr. Innlán námu um 479 ma. kr. en bankinn yfirtók innlán frá Straumi fyrir 45 ma. kr. um mitt ár 2009 gegn skuldabréfi sem tryggt er með eignum Straums og með baktryggingu frá íslenska ríkinu. Hlutfall heildarinnlána af heildarútlánum bankans nam 83% í árslok.
- Eigið fé í árslok nam 92 ma. kr. og hækkaði um tæpa 24 ma. króna á árinu 2009.
- Sem hluti af samningum ríkisins við Glitni, veitti ríkið bankanum víkjandi lán í evrum sem nam 24.8 ma. kr. í árslok.

- Eiginfjárlutfall bankans var 19,8% sem er yfir því 16% lágmarki sem FME hefur sett bankanum og því óhætt að segja að rekstur og efnahagur bankans sé traustur.

### ***Ekkert að gerast í bönkunum?***

Á síðasta ári var umræðan um takmarkaðan aðgang atvinnulífs að lánsfé mjög hávæð og bankarnir gjarnan sakaðir um að vera tregir í taumi þegar kom að því að lána út nýtt fjármagn. Þá var því einnig haldið fram að innan bankana væru starfsmenn og stjórnendur haldnir ákvörðunarfælni.

Sú gagnrýni var að mörgu leyti skiljanleg. En það má þó ekki gleyma því að þær aðstæður og sú óvissa sem bankarnir bjuggu við eftir hrun, bæði hvað varðar eignarhald, stjórnir og erfitt rekstarumhverfi gerði það að verkum að afgreiðsla mála tók lengri tíma en ella.

Það er hlutverk banka að meta áhættu og veita fjármagni út í atvinnulífið og þess vegna verða bankarnir að vera tilbúnir til þess að fjármagna góðar hugmyndir sem byggja á raunhæfum og vönduðum áætlunum.

Við hjá Íslandsbanka höfum síðastliðna 18 mánuði unnið með fjölmörgum viðskiptavina okkar, bæði stórum og smáum, og tekið slaginn með þeim þrátt fyrir erfitt efnahagsástand.

Þó svo að efnahagsreikningurinn sýni takmarkaðan vöxt á útlánum til viðskiptavina hefur bankinn lánað út um 50 milljarða til viðskiptavina sinna af nýjum útlánum. Það verður áskorun að ná að lána út það fé sem greiðist af lánabókinni á ári hverju í þessu árferði.

Vissulega væri ásókn í lánsfé meira ef vaxtastigið væri hagstæðara – ég dreg ekki dul á það. Önnur ástæða er sú að fyrirtæki eru mjög skuldsett nú þegar og lítið svigrúm í mörgum tilvikum fyrir nýjar lántökur. Þá er óvissan í efnahagsumhverfinu einnig áhrifaþáttur.

### ***Stefnan á árinu 2010 – 2011***

Starfsmenn og stjórnendur Íslandsbanki hafa í sameiningu lagt línurnar fyrir starfsárið 2010-2011 og byggir stefna bankans á þremur grunstoðum:

*Fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja og einstaklinga verður svo sannarlega stærsta verkefni á komandi ári. Við ætlum einnig að styrkja stoðir bankans og innviði. Við ætlum jafnframt að fylgjast með og grípa þau tækifæri sem gefast til sóknar með því að stuðla að innri vexti, vera vakandi fyrir hugsanlegum tækifærum til sameiningar auk þess sem við munum þróa frekar viðskiptamódel fjárfestingabankahluta Íslandsbanka.*

Síðast en ekki síst mun verður mikil áhersla á að endurvinna traust með markvissum aðgerðum. Það tók forvera bankans samtals um 100 ár að ávinna sér það traust sem hrundi á einni nóttu. Hér er því um langtímaverkefni að ræða þar sem eina leiðin er að láta verkin tala.

***Drögum réttan lærdóm af fortíðinni***

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsök bankahrunsins er hverjum bankamanni erfið og dapurleg lesning.

Skýrslan veitir ákveðna innsýn í það andrúmsloft sem ríkti í bönkum og þjóðfélaginu almennt. Það andrúmsloft má ekki og mun ekki endurtaka sig hjá Íslandsbanka.

Það er mikilvægt að draga réttan lærdóm af fortíðinni. Við þurfum til dæmis að finna hinn gullna meðalveg í lánamálum. Vissulega voru bankarnir of áhættusæknir, það er augljóst, og við höfum þegar gert ráðstafanir til þess að bæta starfshætti og lagfæra regluverkið í bankanum.

Innan Íslandsbanka hefur átt sér stað umfangsmikið umbótastarf á fjölmörgum sviðum. Þar reynum við að stilla af starfsramma bankans þannig að sagan endurtaki sig ekki.

Ágætu aðalfundargestir.

Síðastliðið starfsár var viðburðaríkt í Íslandsbanka. Ég vil þakka stjórn ánægjulegt samstarf og starfsmönnum fyrir frábæra frammistöðu og óeigingjarnt starf í þágu bankans. Þá vil ég þakka viðskiptavinum okkar fyrir að taka slaginn með okkur á þessu erfiðu tímum.

Það er von mín að við getum nú horft til framtíðar og haldið áfram því kraftmikla starfi sem staðið hefur yfir frá stofnun Íslandsbanka. Það er ekki bara rétta leiðin. Það er eina leiðin fram á við.

Takk fyrir.